

Mánudaginn 13. janúar 1986.

Nr. 10/1985. **Vinnuveitendasamband Íslands
f.h. H/f Eimskipafélags Íslands**
(Kristján Þorbergsson cand.jur.)
gegn
**Alþýðusambandi Íslands
f.h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar**
(Atli Gíslason hdl.).

Frávísunarkröfu hafnað.

Úrskurður Félagsdóms.

Mál þetta dæma Ólafur Stefán Sigurðsson, Björn Helgason, Gunnlaugur Briem, Árni Guðjónsson og Gunnar Guðmundsson.

Málið, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 8. þ.m. um framkomna frávísunarkröfu, er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, útgefinni og birtri 12. desember sl., og var málið þingfest 16. sama mánaðar.

Stefnandi málsins er Vinnuveitendasamband Íslands f.h. H/f Eimskipafélags Íslands.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands f.h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar.

Í stefnu hefur stefnandi gert þessar dómkröfur:

- „1. Að bann Verkamannafélagsins Dagsbrúnar við innflutningi og afgreiðslu á suður-afrískum vörum í Reykjavíkurhöfn og bann þess við afgreiðslu á íslenskum útflutningsvörum til Suður-Afríku, sem tók gildi 14. nóvember 1985, verði dæmt brot á kjarasamningi Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands f.h. H/f Eimskipafélags Íslands og Hafskips h/f um hafnarvinnu og því ólöglegt.
2. Að stefnanda verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnda.“

Í greinargerð stefnda, lagðri fram í þinghaldi 18. desember 1985, er gerð krafa um sýknu af stefnukröfum og um málskostnað úr hendi stefnanda að mati réttarins. Þá var og lýst áskilnaði um að hafa uppi frávísunarkröfu þ. á m. við aðalflutning, sem ákveðið var með samkomulagi aðila, að fram færi 8. þ.m. Í þinghaldi þann dag að loknum vitnafirheyrslum var því lýst yfir af hálfu stefnda,

að á þessu stigi væri gerð sú breyting á dómkröfum, að krafist væri aðallega frávisunar málsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 108. gr. laga nr. 85/1936 fór fram þá þegar munnlegur málflutningur um frávisunarkröfuna, en sátta-tilraunir höfðu reynst árangurslausar.

Í þessum þætti málsins er þess krafist af hálfu stefnda, að málinu verði vísað frá Félagsdómi og stefnda tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda.

Kröfur stefnanda í þessum þætti málsins eru þær, að frávisunarkröfu stefnda verði synjað og stefnanda tildæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Í stefnu er tildrögum málsins og helstu málavöxtum lýst á þá leið, að hinn 25. október sl. hafi Vinnuveitendasambandi Íslands borist tilkynning Verkamannafélagsins Dagsbrúnar um innflutnings- og afgreiðslubann á suður-afrískar vörur í Reykjavíkurhöfn svo og bann við afgreiðslu á íslenskum útflutningsvörum til Suður-Afríku. Hafi bann þetta tekið gildi 14. nóvember sl.

Með bréfi, dags. 1. nóvember 1985, hafi Vinnuveitendasamband Íslands mótmælt ólögmati þessarar aðgerðar og bent á, að það væri ekki á færi stéttarféлага að ákveða frá degi til dags við hvað félagsmenn stéttarfélagins megi starfa og hvað ekki. Væri bannið talið brot á gildandi kjarasamningum Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands.

Nefndu bréfi hafi svo lokið með ósk um fund samningsaðila um málið, sem hafi verið haldinn þann 6. nóvember sl. á skrifstofu Vinnuveitendasambands Íslands að Garðastræti 41. Fundinn hafi setið af hálfu Dagsbrúnar Guðmundur J. Guðmundsson formaður, Halldór Björnsson varaformaður og Þröstur Ólafsson framkvæmdastjóri, en af hálfu Vinnuveitendasambandsins Þórarinn V. Þórarinsson aðstoðarframkvæmdastjóri.

Í upphafi fundar hafi Þórarinn V. Þórarinsson skýrt afstöðu Vinnuveitendasambandsins til umrædds banns Dagsbrúnar og vísað í því efni til bréfsins frá 1. nóvember. Hann hafi áréttað þann skilning forsvarsmanna Vinnuveitendasambandsins, að Verkamannafélagið Dagsbrún sem og félagsmenn þess, sem störfuðu í hafnarvinnu, væru bundnir af samningum félagsins og samkvæmt því skylt að vinna alla þá vinnu, sem tilheyrði hafnarvinnunni. Engir fyrirvarar væru í samningum aðila þess efnis, að þeir veittu Verka-

mannafélaginu Dagsbrún heimild til að mæla fyrir um það, að tiltekin vinna skyldi ekki unnin, eða almennt hafa afskipti af því frá degi til dags, hvaða reglubundin störf félagsmenn Dagsbrúnar, sem starfi í þjónustu aðildarfélaga Vinnuveitendasambands Íslands, vinni á hverjum tíma. Því teldi Vinnuveitendasambandið bann félagsins í fullkominni andstöðu við samninga aðila og því samningsbrot.

Guðmundur J. Guðmundsson hafi vísað til þess, að Dagsbrún teldi sér fullkomlega heimilt að grípa til aðgerða til stuðnings stéttarbræðrum í Suður-Afríku og að aðgerðinni væri beint gegn suður-afrískum stjórnvöldum, en ekki Vinnuveitendasambandinu eða félagsmönnum þess. Hér væri um fjölþjóðlegt samstarf verkalyðshreyfingarinnar að ræða, sem miðaði að því að bæta kjör svartra íbúa í Suður-Afríku, og að mati Dagsbrúnar stæðu hvorki samningar né lög því í vegi.

Niðurstaða fundarins hafi þá orðið sú, að ekki gæti orðið um samkomulag Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambandsins að ræða í þessu efni. Af hálfu Vinnuveitendasambandsins hafi sameiginlegt málskot til Félagsdóms verið reifað, en forsvarsmenn Dagsbrúnar ekki talið ástæðu til sérstakrar samvinnu, sem miðaði að því að fá dómsúrlausn. Það hlyti að verða ákvörðun Vinnuveitendasambandsins. Við svo búið hafi fundinum lokið.

Vinnuveitendasamband Íslands höfðaði síðan mál með stefnu, útgefinni 20. nóvember sl., en það var hafið með samkomulagi aðila 12. f.m.

Frávísunarkrafa stefnda er studd þeim rökum, að umstefnt bann sé ekki vinnudeila í skilningi vinnulöggjafarinnar, sbr. 14. gr. laga nr. 80/1938, og því sé það ekki á sviði Félagsdóms að skera úr um það, sbr. og 44. gr. sömu laga. Við þetta bætist sú staðreynd, að kjarasamningar aðila hafi fallið niður um sl. áramót.

Stefndi telur ennfremur, að málshöfðun stefnanda hafi þann eina tilgang að leita lögfræðilegs álits, og því beri af þeim sökum að vísa málinu frá, sbr. 67. gr. laga nr. 85/1936. Í framhaldi af þessu bendi stefndi á þá breytingu, sem hann telur mega merkja á afstöðu stefnanda til stéttarfélaga og Félagsdóms, en svo virðist sem stefnandi ætli dómstólum annað og meira hlutverk í samskiptum aðila vinnumarkaðarins en honum hafi verið ætlað að gegna með setningu laga nr. 80/1938.

Loks telur stefndi, að á kröfugerð og málatilbúnaði stefnanda séu að öðru leyti þeir gallar, sem frávisun hljóti að varða. Eigi sé getið í kröfugerð, hvaða greinar eða ákvæði í kjarasamningi teljist vera brotin með umræddu banni, lagarök vanti í stefnu og hún uppfylli ekki þau skilyrði, sem nefnd séu í 50. gr. laga nr. 80/1938, þ.e., með hvaða hætti stefnandi hyggist sanna staðhæfingar sínar og kröfur.

Stefnandi mótmælir frávisunarkröfunni sem of seint fram kominni.

Það sé rétt, að deila sú, sem málið sé risið af, sé ekki eiginleg vinnudeila eða ólögmeitt verkfall, heldur snúist málið um samningsrof, brot á vinnusamningi. Þannig sé það lagt fyrir dóminn og vísað til 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 8. gr. sömu laga. Stefnandi eigi lögvarða hagsmuni af því að fá viðurkenningardóm um lögmeiti eða ólögmeiti umstefnds banns.

Þótt kjarasamningar aðila hafi runnið út nú um áramótin, breyti það engu um grundvöll málsóknar sinnar, sem enda hafi byrjað í gildistíð þeirra.

Stefnandi vísar því á bug, að tilgangur málshöfðunarinnar sé sá að leita lögfræðilegs álits. Það sé ekki nema í þeim mæli, sem nauðsyn krefji til úrlausnar stefnukröfunni. Hvorki kröfugerð né málatilbúnaður yfirleitt brjóti nokkuð í bága við fyrirmæli í 50. gr. laga nr. 80/1938 og ekki heldur við önnur réttarfarsákvæði, sem hér eigi við. Í stefnu séu þau ákvæði kjarasamnings aðila tilgreind, sem umrætt bann sé talið brjóta gegn. Af þessum ástæðum beri að hrinda frávisunarkröfu stefnda.

Álit dómsins og niðurstaða.

Eigi verður fallist á það með stefnanda, að vísa beri frávisunarkröfunni á bug sem of seint fram kominni.

Telja verður, að úrlausnarefni máls þessa, eins og það er lagt fyrir, heyri undir Félagsdóm, sbr. 2. tölulið 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Breytir hér engu um, þótt kjarasamningar aðila hafi runnið út nú um áramótin.

Eigi verður talið, að málsókn stefnanda, kröfugerð hans og málatilbúnaður varði við ákvæði 1. málslíðar 67. gr. laga nr. 85/1936, brjóti gegn ákvæðum 50. gr. laga nr. 80/1938 eða öðrum reglum réttarfars, svo að frávisun varði. Að svo vöxnu máli verður frávisunarkrafa stefnda eigi tekin til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Krafa stefnda um frávísun málsins er eigi tekin til greina.
Málkostnaður fellur niður.

Dómur Hæstaréttar 23. janúar 1986.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tölulið 67. gr. laga nr. 80/1938 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 13. janúar 1986, sem barst Hæstarétti 17. sama mánaðar. Hann krefst þess, að úrskurður Félagsdóms, upp kveðinn 13. janúar 1986, verði úr gildi felldur og málinu vísað frá Félagsdómi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar sér til handa úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.
